



Fundargerð 108. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 15. desember 2016 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Andrés Bjarnason, Guðni Þór Elísson, Guðmundur Helgi Þórarinsson og Símon Guðvarður Jónsson

Fjarverandi: Þorsteinn Hjálmarsson

Í gengnum fjarfundabúnað: Jón Jóhannsson og Guðmundur Sigurvinsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 107
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Fjárhagsáætlun VM 2017
4. Framlög til góðgerðasamtaka fyrir jólin
5. Vélstjórar á fiskiskipum sem eru ekki í VM
6. Stjórnkerfi lífeyrissjóða
7. Hækkun á útleigu orlofshúsa
8. Beiðni frá hagsmunasamtökum heimilanna
9. Laun fyrir ASÍ þing og félagið
10. Fyrirkomulag á heiðrun vegna Neistans
11. Starfsmannamál
12. Tímarit VM og fréttabréf
13. Lagt fram til upplýsingar
14. Önnur mál

Formaður setti fundinn.

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 107

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

1. Verkfall sjómanna skall á í gær. Niðurstaða úr okkar kosningu kemur á morgun og líklegt er að það verði sama niðurstaða. Ef við fellum þá verður samninganefndin kölluð saman eftir helgi.
2. Á Landspítalanum starfa um 15 vélstjórar. Við erum að reyna að fá samning við ríkið
3. Fundur verður í dag með vélstjórum á hvalaskoðunar og túristaskipum vegna kjarasamningsmála.

4. 3. Fjárhagsáætlun VM 2017

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var lögð til samþykktar. Farið var yfir helstu liði. Áætlunin var samþykkt.

4. Framlög til hjálparstofnana

Formaður ræddi um styrki til hjálparsamtaka sem hefur verið árvísst. Samþykkt að færa Hjálparstofnun kirkjunnar 300 þúsund og mæðrastyrksnefnd 200 þúsund.

5. Vélstjórar á fiskiskipum sem eru ekki í VM.

Þó nokkrir vélstjórar á fiskiskipum eru í öðrum stéttarfélögum, málið verður skoðað.

6. Stjórnkerfi Lífeyrissjóðanna

Formaður ræddi um tillögu að breytingum á stjórnkerfi lífeyrissjóðanna og sagði frá því að lífeyrisnefndin hefði hist og farið yfir þetta og það hafi svo sem ekki verið neitt sérstak sem kom í ljóst.

7. Hækkun á útleigu orlofshúsa

Formaður lagði fram tillögu orlofsnefndar um hækkun á gjaldskrá orlofshúsa. Tillagan hljóðar upp á hækkun í kringum 4.5%. Umræður urðu um málið en að lokum var tillagan samþykkt.

8. Beiðni frá Hagsmunasamtökum heimilanna.

Bréf barst félaginu frá Hagsmunasamtökum heimilanna þar sem farið er fram á fjárstyrk. Beiðninni var hafnað.

9. Laun fyrir ASÍ þing og félagið.

Formaður ræddi um greiðslu vegna setu á ASÍ þingi. Ákveðið var að greiða ætti stjórnarlaun plús 2 yfirvinnutíma fyrir hvern dag.

10. Fyrirkomulag á heiðrun vegna Neistans

Á síðasta stjórnarfundum var rætt um að breyta þyrfti fyrirkomulagi á heiðrun vegna Neistans og var áætlað að leggja fram tillögu um þá breytingu núna. Það hefur hins vegar ekki gefist tími til að vinna tillöguna almennilega en formaður lagið fram drög að henni.

11. Starfsmannamál.

Formaður sagði frá því að starfsmannaviðtöl væru í gangi núna.

12. Tímarit VM og fréttabréf.

Formaður ræddi um útgáfu tímaritsins og þann mikla kostnað sem orðinn er við útgáfu þess. Við höfum verið að auka mikið að senda út fréttabréf á rafrænu formi og það hefur gefist vel. Samþykkt var að gefa út eitt blað á ári.

13. Lagt fram til upplýsinga

- Samþykktir um málgreinaráð Borgarholtsskóla
- Nýtt lógó félaga með beina aðild
- Skjöl varðandi breytingar á starfseminni í Hraunborgum. Breytingarnar gerðar m.a. til að gera öllum sem vilja kleift að selja.

14. Önnur mál

Spurt var hvort ekki væru skrifaðar fundargerðir í lífeyrisnefndinni og óskað var eftir fundi sem fyrst.

Fundi slitið kl. 16:40